

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarnefnd Alþingis

Sendandi: Vinnuáalastofnun

Dags.: 6. apríl 2017

Efni: Mál einstæðra foreldra til fæðingarorlofs.

Við er til erindis frá velferðarnefnd Alþingis, dags. 30. mars 2017, þar sem óskað er upplýsinga um hvernig farið er með mál einstæðra foreldra sem óska eftir að fá að nýta allt fæðingarorlofið.

Í 1. mgr. 8. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 (ffl.) kemur m.a. fram að foreldrar, sbr. 1. mgr. 1. gr., eiga sjálfstæðan rétti til fæðingarorlofs í allt að þrjú mánuði hvort um sig vegna fæðingar. *Þessi réttur er ekki framseljanlegur.* Auk þess eiga foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér.

Frá framangreindri meginreglu 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. ffl., að sjálfstæður réttur foreldra til fæðingarorlofs í allt að þrjú mánuði sé ekki framseljanlegur, er að finna nokkrar undanþágur í 8. gr. ffl. Þar eru einnig tæmandi talin þau tilvik sem geta leitt til þess að foreldri öðlist rétt til fæðingarorlofs í allt að níu mánuði. Þannig segir í 4. mgr. að foreldri skuli öðlast rétt til fæðingarorlofs í allt að níu mánuði hafi hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi. Hið sama gildir um einhleypa móður sem hefur gengist undir tækniþróvgun eða einhleyppt foreldri sem hefur ættleitt barn eða tekið í varanlegt fóstur. Þá segir í 8. mgr. að ef annað foreldrið andast áður en barn nær 24 mánaða aldri færast sá réttur til fæðingarorlofs sem hinn látni hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris. Loks segir í 9. mgr. að foreldri sem er ófært vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar um að annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess er heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarorlofs sem það hefur ekki þegar nýtt sér til hins foreldrisins að hluta eða öllu leyti.

Þegar framangreindum tilvikum sleppir heimila lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 ekki yfirfærslu/framsal á sjálfstæðum rétti foreldris til hins foreldris, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. ffl. Þá er sambærileg ákvæði um fæðingarstyrki að finna í 18. og 19. gr. ffl. sem eru afgreidd með sama hætti.